

Minnisblað

Safnaklasi Vesturlands

Dags: 31.10.22

Fylgiskjöl: [Samstarf safna á Vesturlandi](#)

Krafa um aukið samstarf safna kemur víða fram í opinberum stefnum og áætlunum.

- Í Byggyðaaætlun 2018-2024 er rætt um að stofnuð verði ábyrgðarsöfn á landsbyggðinni og söfn fari í auknara samtarf eða sameinist. Settur er fram sem mælikvarð fjöldi safna sem sameinast á tímabilinu til árangursmælingar.
- Í Sóknaráætlun Vesturlands 2019-2024 í kafla um menningu sett fram sem áhersla að íbúar á Vesturlandi vilji efla samstarf um safnamál á Vesturlandi. Þá eru áherslur í áætluninni sem heyra óbeint undir safnamál að vilji sé til aukinnar áttthagafræðslu og að saga og matarmenning séu tengd frekar saman.
- Í Menningarstefnu Vesturlands sem kom út formlega nú í ár eru sett fram markmið í V. Kafla stefnunnar um samvinnu að aukið verði samstarf sveitarfélaga um safnamál á Vesturlandi. Jafnframt er sett fram þar sem aðgerð að formlegur samráðsvettvangur eða safnaklasi verði stofnaður á tímabili menningarstefnunnar.

Árið 2019 var gengið til samninga við ráðgjafafyrirtækið Creatrix um að vinna undirbúningsvinnu að auknara samstarfi safna á Vesturlandi. Var verkefnið fjármagnað af hluta úr Sóknaráætlun Vesturlands en jafnframt fékkst styrkur frá þáverandi Mennta- og menningarmálaráðuneyti uppá 3,5 milljónir króna.

Farið var í ítarlega greiningarvinnu á söfnum á Vesturlandi sem byggðist upp á heimsóknnum og viðtölum við safnafólk og forstöðumenn sýninga- og setra í landshlutanum. Þar að auki var rætt við Safnaráð Íslands. Sumarið 2020 var haldin ráðstefna rafrænt um safnamál og hvernig auknara samtarfi væri háttað í landshlutanum. Niðurstaða þeirra vinnu var skýrsla Creatrix „Samstarf safna á Vesturlandi“ sem kom út í maí 2021.

Safnaklasi Vesturlands

Helstu niðurstöður skýrslunnar er að nú þegar eiga söfn í töluverðu samstarfi en viðmót starfsfólks safnanna til auknara samstarfs sé almennt jákvæð. Þannig ríkir jákvæðni gagnvart hugmyndum að stofnaður verði formlegur samstarfsvettvangur safnaklása Vesturlands sem myndi starfa að sameiginlegum hagsmunum safna í landshlutanum. Þar segir jafnframt að „lagt er til að ráðist verði í stofnun slíks safnaklása sem fyrst og að sýningar, setur og önnur safnatengd starfsemi sem ekki fellur undir safnalög hafi jafnframt aðgang að vettvanginum.“

Í mars 2022 var kallað til vinnufundar í Borgarnesi safnafólk allsstaðar af af Vesturlandi til að móta hugmyndir um Safnaklasann nánar og þá með hvaða hætti klasinn væri rekinn. Þau gögn sem urðu til á þeim fundi voru notuð til grundvallar afformlegri stofnun klasans.

Þær hugmyndir ganga útá að starfsemin verði rekin sem félagasamtök og verði um sinn á ábyrgð SSV og starfsmaður samtakanna myndi hafa umsjón með klasanum fyrst um sinn eða þar til safnaklasanum verði fundin varanlegri rekstrargrundvöllur. Um er að ræða starfshlufall uppá 25% sem væri fjármagnað sem áhersluverkefni Sóknaráætlunnar Vesturlands og aðildargjöldum aðila að safnaklasanum.

Næstu skref

Framundan er annar vinnufundur með safnafólki á Vesturlandi þar sem samþykktir, félagaform o.þ.h. er mótað. Þar næst er mikilvægt að málið fái umfjöllun í sveitarstjórnnum á Vesturlandi, en þau standa öll að rekstri safna á einn eða annan hátt, þar með talið í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Að því loknu er stefnt að formlegri stofnun Safnaklasa Vesturlands.

Tengd markmið Menningarstefnu Vesturlands:

[IV. Menningararfur](#)

[V. Samvinna](#)

Sigursteinn Sigurðsson

Verkefnastjóri menningarmála og

velferðarstefnu Vesturlands

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi